

Aðalfundur FLÍ – 22.05.2023

Skýrsla stjórnar FLÍ starfsárið 2022 - 2023

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Kolbrún Halldórsdóttir formaður, Ástbjörg Rut Jónsdóttir gjaldkeri og Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir ritari. Varamenn í stjórn voru Andrea Elín Vilhjálmisdóttir, Sigríður Eir Zophoníasdóttir og Rúnar Guðbrandsson.

Aðalfundur var haldinn 23. maí 2022. Sú hefð hefur skapast í starfi FLÍ að skýrslur stjórnar greini frá starfinu milli aðalfunda, því fjallar þessi skýrsla um tímabilið frá lokum maí 2022 – loka maí 2023.

Stjórnin hittist níu sinnum á starfsárinu, 07.06., 05.09., 12.09., 03.10., 16.11.2022 og 05.01., 02.02., 27.03. og 11.05.2023. Þess utan afgreiddi stjórn nokkurn fjölda mála í tölvupóstum milli funda. Fundargerðir stjórnarfunda eru vistaðar í rafrænni skjalageymslu félagsins, auk þess sem þær eru aðgengilegar félagsmönnum á aðalfundi félagsins. Þá voru tveir félagsfundir haldnir árinu, 6. febrúar og 24. apríl 2023, sá fyrri til að fjalla almennt um kjara- og réttindamál leikstjóra í aðdraganda kjaraviðræðna ásamt því sem rædd voru framtíðaráform starfsemi félagsins. Á þeim síðari var fjallað um tillögur að lagabreytingum og endurnýjaðar reglur fyrir IHM-sjóðinn.

Nýir félagsmenn

Eftirtaldir tólf leikstjórar sóttu um aðild að félaginu á starfsárinu og samþykkti stjórn allar umsóknir: Annalísa Hermannsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Bjarni Haukur Þórsson, Dóra Jóhannsdóttir, Eva Halldóra Guðmundsdóttir, Helgi Grímur Hermannsson, Hrafnhildur Hafberg, Hrefna Lind Lárusdóttir, Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm, Magnús Thorlacius, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Sigþórsdóttir.

Kjaramál

Starfsárið einkenndist af vinnunni við kjaramál leikstjóra, undirbúningur kjaraviðræðna var fyrirferðamikill frá hausti 2022 og síðan kjaraviðræðurnar sjálfar þegar leið að vori. Gjaldkeri stjórnar og formaður samninganefndar sátu námsstefnu á vegum embættis ríkissáttasemjara til að undirbúa vinnuna. Samninganefnd félagsins tók breytingum á starfsárinu og á endanum tóku formaður samninganefndar Páll Baldvin Baldvinsson og formaður stjórnar Kolbrún Halldórsdóttir að sér vinnuna. Þegar undirritaður hafði verið skammtímasamningur á almennum markaði (SA) í desember 2022, sem fól í sér 6,75% launahækkunir afturvirktil 1. nóvember, sótti samninganefnd FLÍ sambærilega hækkun á samning FLÍ við Leikfélag Reykjavíkur, en samningaviðræður við ríkið voru öllu flóknari. Þær hófust á mikilli greiningarvinnu, sem fram fór á vettvangi BHM og FLÍ tók virkan þátt í ásamt öðrum aðildarfélögum bandalagsins. Gegnum hana fengust dýrmætar upplýsingar um kjör háskólamenntaðra stétta, sem FLÍ hefur aldrei áður haft aðgang að. Niðurstaða samninganefndar og stjórnar FLÍ var sú að áherslan í samningaviðræðunum yrði að leiðrétta launasetningu leikstjóra í kjarasamningi við ríkið og

færa hana til samræmis við sérfræðinga með sambærilega menntun, sérfræðiþekkingu, mannaforráð og ábyrgð. Stefnan var sett á það að koma leikstjórum fyrir í miðlægri launatöflu BHM, við það starf naut samninganefndin liðsinnis hagfræðings BHM og fleiri sérfræðinga í kjaramálum, en það var samdóma álit þeirra að störf leikstjóra væru einna sambærilegust við sviðsstjóra eða skrifstofustjóra í opinbera geiranum. Það er í samræmi við laun leikstjóra um miðja öldina sem leið, þegar Þjóðleikhúsið var stofnað, þá þótti sanngjarnt að leikstjórar fengju laun á við prófessora við Háskóla Íslands, án þess að vitað sé með vissu hvort slík laun stóðu leikstjórum einhvern tíma til boða.

Markmiðið um að koma leikstjórum inn í launatöflu BHM tókst ekki í þessari lotu, en í samkomulaginu sem gert var við ríkið um framlengingu á gildandi kjarasamningi til eins árs (01.04.2024) tókst þó að hækka launin nokkuð, ásamt því að samningsaðilar komu sér saman um að á samningstímanum yrði unnið að því að skilgreina betur verksvið leikstjóra, aðstoðarleikstjóra og dramatúrga með það að markmiði að undirbúa innröðun þeirra í nýja launatöflu (BHM-töflu) sem yrði þá tekin upp frá og með 1. apríl 2024. Einnig var sett í verkáætlun ákvæði um að skoðað yrði með hvaða hætti leikstjórum hefði gagnast stytting vinnuvikunnar auk þess sem endurskoðun á veikindakafla samningsins yrði gerð á samningstímanum. Þetta tvennt síðastnefnda er sambærilegt með öllum félögum sem gera kjarasamninga við ríkið. Launatafla leikstjóra hækkaði um á bilinu 6% - 8,6%. Það náðist með því að bilið á milli flokka var breikkað úr 2,6% í 3%. Launaspönnin í samkomulaginu er því á bilinu 675 þúsund til 830 þúsund.

Í ljósi þess að einungis náðist að framlengja gildandi saming í þessari lotu, stendur kröfugerð sú, sem samninganefnd FLÍ kynnti samningsaðilum sínum, fjármálaráðuneytinu f.h. fjármálaráðherra og framkvæmdastjóra Þjóðleikhússins í samningaviðræðunum, fyllilega fyrir sínu og því eðlilegt að hún verði lögð til grundvallar kjaraviðræðum í þeirri samningalotu sem fer í gang með haustinu. Í samkomulaginu sem undirritað var er áskilið að ný kröfugerð skuli liggja fyrir eigi síðar en 31. október nk.

FLÍ-Félag leikstjóra á Íslandi (561074-0549) tekur undir áherslur í tillögu BHM að [jafnréttissamningi](#), sem kynntur var í nóvember sl., en gerir jafnframt eftirfarandi kröfur um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs um störf leikstjóra við Þjóðleikhúsið.

Launaliðurinn

Launasetning leikstjóra verði leiðrétt, enda leikstjórar undirverðlagðir í launatöflum m.t.t. ábyrgðar, menntunar og annarra þátta. Hafa leikstjórar dregist aftur úr í samanburði við vinnumarkaðinn í heild sinni og sambærileg störf. Skoðað verði hvort finna megi leikstjórum stað í miðlægri launatöflu í stað þeirrar töflu sem gilt hefur.

Höfundaréttur og eftirlitsskylda

Höfundaréttur leikstjóra verði viðurkenndur í kjarasamningi og höfundagreiðsla endurskilgreind m.a. í ljósi breytinga á skattalegri meðferð höfundagreiðslna sbr. lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lög um skatt á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Til að ná því markmiði þarf að gera breytingar á kafla 2.6 auk þess sem bæta þarf í grein 13.1 ákvæði um aðgreiningu höfundagreiðslna frá eiginlegum launagreiðslum.

Starfsmenntunarsjóður BHM

Bætt verði við kafla 10 í kjarasamningi 0,22% framlagi atvinnurekanda í Starfsmenntunarsjóð BHM. Einnig verði gerðar leiðréttingar á orðalagi í lið 10.5 og 10.6.

Flokkar og mánaðafjöldi að baki sviðsetningu

Eftir 2020 myndaðist misræmi milli launasetningar leikstjóra og leikmynda- og búningahöfunda, sem þarf að leiðrétta. Þar sem ákvæði um mánaðafjölda að baki sviðsetningu eru í

stofnanasamningi FLÍ og Þjóðleikhússins gerir samninganefnd FLÍ þá kröfu að ákvæði í 4. kafla stofnasamnings verði lagfærð samhliða breytingum á kjarasamningi.

Betri vinnutími

Leggja þarf mat á það hvort, og þá með hvaða hætti, verkefnið „betri vinnutími“ hafi skilað sér til leikstjóra við Þjóðleikhús. FLÍ telur ólíklegt að leikstjórar hafi notið nokkurs ábata af verkefninu. Sé það raunin er nauðsynlegt að bæta leikstjórum það upp með álagi á laun.

Samstarfsverkefni og misræmi í kjörum

Lagaskylda hvílir á Þjóðleikhúsinu um samstarf við sjálfstæða leikhópa, sbr. 6.gr. laga nr. 165/2019. Leikstjórar slíkra verkefna starfa á allt öðrum og miklu lakari kjörum en þeim sem kjarasamningur aðila mælir fyrir um. Erfitt er að sjá hvernig slíkt misræmi í kjörum fær staðist ákvæði laga nr. 80/1980 um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl, sbr. dómur Landsréttar mál nr. 152/2021. Mikilvægt er að samræma kjör leikstjóra samstarfsverkefna og annarra leikstjóra sem ráðnir eru til starfa við Þjóðleikhúsið.

Árangurslausar tilraunir til samninga við RÚV ohf

Frá því fyrir heimsfaraldurinn hafa þau sjö félög listamanna sem eiga kjarasamninga við RÚV ohf leitast við að ná samtali við forsvarsmenn RÚV án árangurs. Sammerkt þessum félögum er að þau eiga öll lausa kjarasamninga við RÚV og hafa átt um mislangt skeið. Elstu samningarnir sem ekki hefur tekist að endurnýja eru frá níunda áratug síðustu aldar (FLÍ sjónvarp). Um mitt ár 2020 ákváðu félögin að sameina krafta sína vegna ítrekaðra samningsbrota RÚV og leita eftir samtali um kjaramál listamanna við stofnunina almennt. Tveir fundir voru haldnir í því skyni, sá fyrri 17.08.2020 og sá síðari 04.03.2021. Á fyrri fundinum tók útvarpsstjóri undir mikilvægi þess að gengið yrði til samninga við öll félögin og taldi raunhæft að ljúka því verkefni innan 12 mánaða. Þrátt fyrir þau fyrirheit er ástandið í samningamálum félaganna enn óbreytt og hefur ekkert þokast í samningsátt.

Deilan er flókin og varðar ýmsa þætti kjaramála þeirra listamanna sem félögin eru í forsvari fyrir og lýtur jafnt að efni sem unnið hefur verið fyrir hljóðvarp og sjónvarp, enda hafa flest félögin tvo aðskilda samninga við stofnunina um störf höfunda og flytjenda, auk þess sem félögin gæta réttindamála sem heyra undir höfundalög nr. 73/1972. Gildistími samninga allra félaganna er úrunninn, en þar sem ekki hafa tekið við nýjir samningar teljast þeir halda gildi sínu og hafa flest félögin reglulega uppreiknað launatölur í samræmi við vístölur og kynt félögum sínum. Að vísu hefur þessum þætti ekki verið nægilega vel sinnt af FLÍ til þessa, en formaður FLÍ hefur lagt málinu lið með því að hafa forgöngu um að þoka samtalinu áfram. Um þessar mundir liggur fyrir erindi til embættis ríkissaksóknara frá formönnum þessa sjö félaga, þar sem óskað er eftir því að ríkissáttasemjari hlutist til um fund milli deiluaðila, án þessa að deilunni sé formlega vísað til embættisins, heldur einungis til að skapa grundvöll fyrir endurnýjað samtal milli aðila. Nánar má lesa um þætti málsins í erindi því sem sent var embætti ríkissáttasemjara 17. apríl sl. og hefur verið svarað með þeim hætti að óskað er eftir því að félögin sjö skipi einn aðila sem fari fyrir samskiptum við embættið. Sú ósk bíður svara frá félögunum.

Fordæmisgefandi dómur

Félög sviðslistafólks fylgdust grannt með dómi Landsréttar í máli Þóru Einarsdóttur gegn Íslensku óperunni og fordæmisgildi hans fyrir samninga sviðslistafólks almennt. Samkvæmt dómnum braut Íslenska óperan gegn kjarasamningi með því að greiða lægri greiðslur fyrir æfingar en kjarasamningur kveður á um, virða ekki vinnuverndarákvæði kjarasamnings, neita að greiða kjarasamningsbundna

yfirvinnu og neita að greiða launatengd gjöld. Stjórn FLÍ kynnti niðurstöðuna fyrir félögum sínum og undirstrikaði það ákvæði dómsins að ef í gildi er kjarasamningur um viðkomandi starf milli aðila (stéttarfélags og viðkomandi atvinnurekanda) þá leysir verktakasamningur launagreiðandann ekki undan skyldum þeim sem kjarasamningurinn kveður á um. Þannig er launagreiðanda óheimilt að greiða lægri upphæðir fyrir nokkurn þátt starfsins en kjarasamningurinn kveður á um, auk þess sem göll launatengd gjöld skulu greidd viðkomandi launamanni. Mikilvægt er að stjórn FLÍ haldi þessum þáttum dómsins til haga og miðli til félaga sinna.

Önnur kjör leikstjóra

Í starfsáætlun stjórnar FLÍ hafa um nokkurt skeið verið uppi áform um að hefja samtal við Sjálfstæðu leikhúsin og Bandalag íslenskra leikfélaga um kjör leikstjóra. Það samtal hefur ekki verið einfalt af ýmsum sökum. FLÍ þekkir vel stöðu sjálfstætt starfandi sviðslistahópa, sem háðir eru skammarlega lágum framlögum úr Sviðslistasjóði og jafn skammarlega lágum upphæðum úr launasjóði sviðslistafólks. Sama staða er uppi hjá áhugaleikfélögum landsins, en bandalagið hefur verið ófánlegt til að gera samkomulag um viðmiðunargreiðslur til leikstjóra svo áratugum skiptir.

Stjórn FLÍ lagði til við SAFAS að stofnaður yrði starfshópur allra hlutaðeigandi til að fjalla um fjármögnun sjálfstæðu leikhópanna og tengja það starf kjörum sviðslistafólks almennt en ekki síður til að leita leiða til að laga misræmið sem er í kjörum sviðslistafólks, sem tekur þátt í samstarfsverkefnum við „stóru“ leikhúsin, og þeirra sem starfa á kjarasamningum við stofnanirnar. Þessi tillaga var ekki samþykkt af SAFAS heldur var ákveðið að senda menningarmálaráðherra erindi þar sem vakin var athygli á málinu. Því erindi hefur ekki verið svarað. Vilji stjórnar FLÍ stendur engu að síður til þess að efna til samtal við SL sem myndi einskorðast við hagsmunagæslu fyrir leikstjóra sem leikstýra verkefnum sem fara í samstarf við húsin. Það sem helst hefur komið í veg fyrir að stjórn FLÍ hafi gert gangskör að því að hefja efnislegt samtal við SL og bandalag áhugaleikfélaga um kjaramál leikstjóra er að það hefur ekki rúmast innan tímatöflu stjórnarmanna og samninganefnda og þá ekki innan fjárhagsáætlunar skrifstofu FLÍ. Sama ástæða liggur að baki áformum um að hefja samningaviðræður við SA um kjarasamning fyrir leikstjóra sem leikstýra talsetningum sjónvarpsefnis og kvikmynda, þó er það verkefni komið örlítið áleiðis eins og lesa má aftar í skýrslu þessari, undir „verkefni í pípunum“.

Samband kjaramála og starfssemi skrifstofu FLÍ

Frá því að stéttarfélög listafólks gengu til liðs við BHM hefur komið í ljós hversu vanmegnugar skrifstofur smærri félaganna eru við að veita félagsfólki sínu nauðsynlega kjaralega aðstoð. Þetta skýrist af óhagkvæmni smæðarinnar sem hefur þær afleiðingar að félögin geta ekki ráðið til sín sérfræðinga í kjaramálum, fjárhagslegt bolmagn þeirra er einfaldlega ekki til staðar. Þetta hefur leitt til þess að sum félögin hafa verið að kanna möguleikana á að skipta starfsemi sinni upp í kjarafélög annars vegar og fagfélög hins vegar, með það að markmiði að kjarafélögin verði gjaldgeng sem faghópar undir hatti Fræðagarðs. Það hefur Arkitektafélag Íslands nú ákveðið að gera og SÍM – Samband íslenskra myndlistarmanna hugleiðir hið sama. Fyrir eru í Fræðagarði faghópar talmeinafærðinga, táknaáskrá og listmeðferðarfræðinga, sem eru dæmi um háskólamentaðar sérfræðingastéttir sem telja kjaramálum sínum betur komið í því umhverfi sem Fræðagarður hefur upp á að bjóða. Í lagabreytingartillögu stjórnar FLÍ, sem liggur fyrir aðalfundi 2023, er lagt til að stjórn FLÍ fái heimild til að

vinna að stofnun slíkrar fagdeildar. Einnig er gert ráð fyrir slíkum áformum í fyrirbyggjandi starfsáætlun 2023-2024. Það mun svo koma í ljós hverju sú skoðun skilar og hvort á endanum verði talið fýsilegt að fara þessa leið með kjaramál leikstjóra. Það hefur a.m.k. verið mat starfandi stjórnar að nauðsynlegt sé að leita allra leiða til að leiðrétta kjör leikstjóra og gera launasetningu þeirra sambærilega við aðra háskólamenntaða sérfræðinga með sambærilegar skyldur og ábyrgð. Í því sambandi má geta þess að á liðnu ári 2022 voru meðalgrunnlaun háskólamenntaðra í aðildarfélögum BHM 763 þús. kr. og meðalheildarlaun 887 þús. kr. og þetta eru tölur áður en launahækkanir ársins 2023 tóku gildi, sem voru alla jafna 6,75%. Af þessu sést að FLÍ hefur verk að vinna í kjaramálum félaga sinna.

Mitt stéttarfélag

Eitt af verkefnum stjórnar er að halda utan um greiðslur í félagssjóð FLÍ, en félagsgjöld sem greidd eru af launagreiðendum, sem hlutfall af launum leikstjóra, og sem hlutfall af reiknuðu endurgjaldi hjá sjálfstætt starfandi, eru innheimt gegnum BHM og ýmist greidd með beinum hætti af launagreiðendum eða með rafrænum skilagreinum gegnum heimasíðu BHM. Upplýsingar um þessar greiðslur eru aðgengilegar stjórn félagsins í gegnum svokallað DK-kerfi. Þar er hægt að fylgjast með því hvort greiðslur í félagssjóð berist með reglubundnum hætti og þá um leið hvort réttindi félaga í einstökum sjóðum haldist. Þar að auki má í kerfinu greina ef upp koma frávik í greiðslum launagreiðenda, sem gætu bent til þess að samningar séu ekki virtir til fulls. Fyrir tilstilli Fræðagarðs hjá BHM hafa nokkuð mörg aðildarfélaga BHM ákveðið að ýta úr vör verkefni sem bætir utanumhald um kjör og réttindi félagsfólks, með því að settur verður hnappur á heimasíður viðkomandi félaga; „Mitt stéttarfélag“ sem verður eins konar framlenging á „mínar síður“. Þar opnast gátt sem ætlað verður að auka og bæta þjónustu við félagsfólk. Þetta er liður í því sem félögin kalla eflingu stafrænna innviða. Gegnum „mitt stéttarfélag“ kemst hver og einn félagi inn á „mínar síður“ þar sem hægt verður að setja inn persónubundnar upplýsingar á borð við kennitölur og bankaupplýsingar, sem auðveldar innborganir styrkja úr hinum ýmsu sjóðum og flýtir afgreiðslu stéttarfélagstengdra mála til muna, auk þess sem opnast mun aðgengi að launatölfræði og iðgjaldayfirlitum. Stjórn FLÍ samþykkti að taka þátt í verkefninu og er frétt að vænta af framvindu þess innan fárra vikna.

Skipting rétthafagreiðslna IHM – ásættanlegur árangur

Formaður FLÍ tók að sér, f.h. stjórnar FLÍ, að annast málarekstur vegna sáttameðferðar og gerðardóms um skiptingu rétthafagreiðslna skv. 11. gr. höfundalaga, sem ekki hafði náðst sátt um milli aðila, þrátt fyrir umtalsverðar sáttatilaunir um margra ára skeið. Sáttameðferðin og vinnan við gerðardóminn stóðu frá hausti 2019 fram í júní 2022. Vinnan var nokkuð mikil að umfangi, t.d. voru samtals á tímabilinu haldnir 25 fundir stjórnar og fulltrúaráðs, en megnið af vinnunni var þó fólgið í að undirbúa kröfugerð FLÍ, fyrst til sáttamanns Viðars Más Matthíassonar, sem ekki tókst að sætta aðilana þar sem miðlunartillaga hans var felld í atkvæðagreiðslu. Það varð til þess að skipa þurfti gerðardóm í málinu og tók þá við vinna við nýja kröfugerð. Var fyrri greinargerð FLÍ til dómsins unnin á tímabilinu nóvember 2021 til janúar 2022 og síðari greinargerðinni var skilað í lok mars 2022. Kröfugerðum þessum fylgdu langar greinargerðir og gagngreinargerðir (greinargerðir og gagngreinargerðir aðila í öllu ferlinu töldu á níunda tug skjala). Málið var þingfest í gerðardómi 26. janúar 2022 og fyrirtaka var 7. apríl 2022. Málflutningur og aðalmeðferð fóru fram dagana 9. og 10. maí 2022. Formaður FLÍ flutti málið sjálf fyrir dómi, f.h. stjórnar FLÍ, en önnur félög (utan FK) höfðu á að skipa lögmönnum sem fluttu þeirra mál.

Formaður FLÍ var viðstödd allt þinghaldið. Dómur var kynntur málsaðilum tveimur dögum eftir aðalfund FLÍ, eða 25. maí 2022. Samkvæmt dómnum, sem telur alls 56 blaðsíður, er rökstudd niðurstaða dómsins, sem færði FLÍ sömu hlutfallstölu af rétthafagreiðslum skv. 11. gr. höfundalaga og FLÍ hefur notið til þessa, þ.e. 2,5%, og verður það að teljast ásættanlegur árangur. Hins vegar hefur stjórn FLÍ ekki tekist að úthluta til félaga rétthafagreiðslum vegna 2021, þar sem flækjustigið er umtalsvert og bíður það nýrrar stjórnar FLÍ að taka þau mál til gagnerrar skoðunar og afgreiðslu. Í því verkefni munu nýjar úthlutunarreglur IHM-sjóðs FLÍ koma að gagni, en þær eru til afgreiðslu á aðalfundi FLÍ 2023. Nákvæmari greinargerð um þessa vinnu er að finna í skjalasafni FLÍ.

IHM – greiðslur vegna 2021 og almennt flækjustig

Umsýsla fjármuna sem koma til FLÍ gegnum Innheimtumiðstöð rétthafa – IHM, er bæði flókin og tímafrek. Það helgast m.a. af því að greiðslurnar koma ekki allar gegnum eitt og sama kerfið, heldur skiptast þær í greiðslur vegna 11. greinar höfundalaga og vegna afnota af efni í kapalkerfum fjarskiptafyrirtækja og efnisveitna. Það eykur flækjustigið að þegar niðurstaða gerðardómsins lá fyrir um mitt ár 2022 var félögum rétthafa úthlutað úr svokölluðum „varasjóði“, sem varð til á þeim árum sem deilurnar um skiptingu fjármuna vegna 11. greinarinnar stóðu. Mikilvægt er að meðferð þessara greiðslna standist lög og reglur. Liður í því er breyting sú sem liggur fyrir aðalfundi FLÍ 2023 um úthlutun rétthafagreiðslna, en stjórnar bíður einnig það verkefni að ákvarða meðferð þeirra fjármuna sem komu til FLÍ gegnum „varasjóðinn“, en þær greiðslur varða árabilið 2016-2020, sem gerir það erfitt að skipta þeim á einstaka eigendur réttindanna. Leita þarf leiðsagnar við endanlega meðferð þessara fjármuna, í þeim efnum hefur Lögmannsstofan Réttur verið félögum í sömu stöðu til liðsinnis. Það bíður nýrrar stjórnar FLÍ að fá endanlega niðurstöðu í þetta álitamál ásamt því að úthluta rétthafagreiðslum vegna 2021.

Menningarsjóður

Úthlutað var úr Menningarsjóði að vori og hausti 2022.

Alls voru greiddar 823.903.- kr. úr Menningarsjóði vegna umsókna félaga sem skilað höfðu skýrslu og kvittunum vegna samþykkrta styrkumsókna. Var um að ræða styrki vegna haustúthlutunar 2021, vorúthlutunar 2022 og haustúthlutunar 2022.

Sjóðsstjórn hefur tekið afstöðu til þeirra 6 umsókna sem bárust vegna vorúthlutunar 2023.

Félagsgjöld og fjárhagsstaða FLÍ

Félagsgjöld fyrir starfsárið 2022-23 hafa verið rúkkuð og gengur innheimta gjalda nokkuð vel.

Enn veltir stjórn fyrir sér hvort einhver leið sé til að styrkja fjárhagsstöðirnar og þá hver. Upp hafa komið hugmyndir um að halda masterklassa þar sem félagsmenn fá riflegan aflsátt og aðrir greiða fullt gjald. Sú hugmynd er þó enn á hugmyndastigi, þó er ljóst að það þarf að finna einhverjar leiðir til að styrkja fjárhagslegar stöðir FLÍ.

Í heildina er staða fjármála félagsins svipuð og verið hefur síðustu ár, þ.e. gengið hefur verið á eigið fé til að halda rekstrarniðurstöðu réttu megin við núllið. Staða verðbólgu í dag er eins og gefur að skilja afar óhagstæð og hefur áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Jákvæðu fréttirnar eru þó þær að félögum fer hægt fjölgandi og félagsgjöld innheimtast betur en áður.

Félagar

Félagar telja 101 manns. Þar af eru 33 félagar undanþegnir lágmarks-félagsgjaldi vegna aldurs eða starfa fyrir félagið.

Rafræn skírteini og afsláttakjör

Rafræn skírteini komu í gagnið á árinu og eru til mikilla þægindauka fyrir féлага, sem og gjaldkera. Skírteinin auka einnig möguleikana á að bjóða félögum uppá afsláttakjör víðar en í leikhúsum og hafa náðst örfáir samningar í því sambandi en stendur til að bæta í.

Tekin var ákvörðun hjá leikhúsunum um að breyta afsláttarkjörum fagfélaga. Nú kostar miðinn 1.500 kr. og er eingöngu hægt að bóka eftir kl.16.00 á sýningardegi.

Vísindaferð og jólafögnuður

Fyrir tveimur árum var kjörið í skemmtinefnd FLÍ og voru uppi áform um gríðarlegt átak í samkvæmis- og félagslífi FLÍ. Í ljós hefur komið að nefndarfólk hefur verið svo upptekið að ekki hefur gefist svigrúm til að sinna starfi í nefndinni, þannig varð að ráði að hætta við áformaðan jólafögnuð 2022, en í nafni nefndarinnar var efnt til „vísindaferðar“ fyrir nemendur sviðslistadeildar LHÍ. Í september 2022 var þeim boðið heim að Lindargötu 6, þar sem stjórn FLÍ tók á móti þeim og kynnti þeim starfsemi félagsins. Viðburðurinn var vel sóttur og ákvað stjórn í kjölfarið að semja tillögu að breytingu á lögum FLÍ þar sem ákvæði um aðild nema að félaginu verður felld niður en þess í stað verði sambandið við nemendur sviðslistadeildar eftt með þessum hætti. Tillagan er til afgreiðslu á aðalfundi 2023.

NSIR - fundur Norrænna systursamtaka

Árlegur fundur systursamtaka FLÍ á Norðurlöndunum, NSIR – Nordisk Scenekunst Instruktör Råd, var haldinn í Kaupmannahöfn 10. og 11. júní 2022 og sótti formaður fundinn. Á dagskránni voru tiltekin efni sem hvert og eitt land valdi að fjalla um og bar þar mest á glímuni við Covid og eftirköst faraldursins, en einnig var mikið rætt um kjarasamninga og réttahafamál. Á síðari degi fundarins var boðið upp á seminar um „Sviðslistir og sjálfbæra þróun“, en danskt sviðslistafólk með brennandi áhuga á efninu hefur sett af stað öflugt verkefni sem gengur út á að votta leikhús og einstakar leiksýningar m.t.t. þess hversu vel þær standa undir því að fylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Forsvarsmaður verkefnisins hélt áhugaverða kynningu á verkefninu sem ber yfirskriftina Sjálfbærar sviðslistir strax! - www.baerdygtigscenekunst.nu

Samstarfið innan NSIR er lifandi og gagnlegt fyrir FLÍ. Það felur í sér árlegan fund, sem alla jafna stendur í tvo daga og miðað er við að sé haldinn í tengslum við sviðslistahátíð af einhverju tagi. Fundurinn 2022 var haldinn í tengslum við Copenhagen-Stage-hátíðina og í ár verður hann í Osló 17. og 18. júní í tengslum við hina árlegu hátíð Heddadagene <https://www.heddadagene.no/> Það bíður nýrrar stjórnar FLÍ að tilkynna um þátttöku og undirbúa kynningu á einhverju af þeim málum sem brenna á íslenskum sviðsleikstjórum. Finnar munu svo halda fundinn 2024 í Helsinki og 2025 er komið að Íslandi.

Sameiginleg baráttumál félaga sviðslistafólks

Stjórn FLÍ hefur tekið virkan þátt í samstarfsvettvangi sviðslistafélaga SAFAS og formaður raunar verið talsmaður vettvangsins frá því honum var komið á, í kjölfar nýrra sviðslistalaga 2020. Sameiginleg

baráttumál félaganna hafa verið þau helst að kalla eftir öflugri forystu og leiðsögn í stjórnsýslunni varðandi málefni sviðslista, en sérstaklega hafa þau haft augun á þróun mála varðandi áform um stofnun þjóðaróperu. Þá hefur SAFAS, og raunar líka stjórn BÍL, kallað eftir því að áform menningarmálaráðherra í Menningarsókn-2030 verði útfærð nánar og fjármögnuð með sýnilegum hætti auk þess sem kallað hefur verið eftir að kraftur verði settur í verkefni Hagstofunnar um skráningu svokallaðra menningarvísa. Aðrir þættir sem varða sviðslistirnar sérstaklega og reynt hefur verið að koma á dagskrá hjá stjórnvöldum varða mikilvægi þess að koma á fót danshúsi og að Sviðslistamiðstöð Íslands verði efl. Þá hefur sérstakt áhugamál FLÍ verið starfsumhverfi þeirra sem annast talsetningu barnaefnis fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Loks hefur verið kallað eftir stefnu í málefnum höfundaréttar og að boðið sé upp á viðunandi aðstöðu í grunn- og framhaldsskólum landsins fyrir ástundun sviðslista og aukið framboð í menntun þessara greina. Í baráttu af þessu tagi skiptir samstarf félaganna miklu máli og þó að sérstökum vettvangi sviðslistafélaganna hafi verið komið á laggirnar þá leikur BÍL, nú sem áður, lykilhlutverk í samtalinu við stjórnvöld um málefni listanna.

Verkefni í pípunum

Talsetning - FLÍ hefur skrifað öllum systursamtökum sínum á Norðurlöndunum og kallað eftir upplýsingum um starfsumhverfi þeirra leikstjóra sem leikstýra talsetningum sjónvarpsefnis og kvikmynda, taxtar og samningsumhverfi. Svörin eru öll á einn veg; það eru samtök kvikmyndaleikstjóra sem semja fyrir hönd þessara leikstjóra. Næstu skref eru að FLÍ seti sig í samband við þau félög og afli þessara upplýsinga, í framhaldinu þyrfti að ræða við Samtök atvinnulífsins og freista þess að gerður verði kjarasamningur um þessi störf.

Viðmiðunartaxtar - Stjórn hefur haft til skoðunar hvort semja mætti einhvers konar viðmiðunartaxta um störf leikstjóra sem starfa sjálfstætt að fjölbreyttum verkefnum, t.d. leiklistarkennslu á ólíkum skólastigum og í almennri lausavinnu. Þar mætti hafa til hliðsjónar taxa FÍH og SÍM, bæði upphæðirnar og eins hvaða aðferðum er beitt við gerð þeirra. Í bígerð hefur verið könnun meðal félagsmanna FLÍ um hvaða upphæðir einstakri félagar miði við þegar vinna þeirra er verðlögð og hvort reiknað sé álag vegna verktöku og þá hversu hátt hlutfall sé lagt ofan á launaliðinn. Hún hefur ekki enn farið í loftið.

Eftirlaun – Stjórn FLÍ hefur haft frumkvæði að því að vekja umræðu á vettvangi BÍL um eftirlaunarétt listafólks, þar sem vitað er að í fjölmörgum tilfellum standa listamenn á eftirlaunaaldri uppi með strípuð ellilaun frá almannatryggingum þar sem fæstir hafa notið kosta fasts ráðningarsambands við einn vinnuveitanda á starfsævinni. Líklegt er að kaupa þurfi aðstoð við gerð könnunar meðal félaga aðildarfélaga BÍL um málið og ráðlegt að halda málinu vakandi á vettvangi BÍL.

Katalóg – Stjórn FLÍ hefur lengi haft hug á því að koma upp aðgengilegum „katalóg“ um leikstjóra á Íslandi, sem væri aðgengilegur á heimasíðu FLÍ og hugsaður til að opna möguleika leikstjóra á alþjóðlegu samstarfi. Þörfin fyrir slíkan gagnagrunn eykst með hverju árinu sem líður og þó félagatal FLÍ á vefnum sé gagnlegt þá hefur það ekkert að segja varðandi aukna möguleika leikstjóra á samstarfi við hópa utan landssteinanna, eða þátttöku í alþjóðlegum hátíðum. Verkefni af þessu tagi væri gagnlegt að ræða á vettvangi NSIR og einnig væri Sviðslistamiðstöð Íslands ákjósanlegur samstarfsaðili.

Starfsþróun og endurmenntun – Slíkt mál hafa talsvert verið rædd á vettvangi FLÍ, m.a. þörfin á að haldin séu námskeið og master-klassar í tengslum við komu erlendra leikstjóra til landsins. Slíkt hefur verið tilviljanakennt í gegnum tíðina, en Þjóðleikhúsið hefur sýnt vilja til samstarfs í þessu tilliti og bauð t.a.m. upp á gagnlegt tveggja daga námskeið fyrir leikstjóra þegar Jael Farber kom til landsins til að leikstýra Framúrskarandi vinkonu. Þá hefur stjórn kallað eftir breytingum á þeim þáttum kjarasamnings við ríkið sem lýtur að greiðslum í starfsmenntasjóð. Ríkið hefur ekki viljað greiða í tvo sjóði tengda starfsþróun leikstjóra og á meðan félagið heldur úti Menningarsjóði og ríkið greiðir 1% af launum leikstjóra í þann sjóð, þá hefur samninganefnd ríkisins ekki viljað greiða af launum leikstjóra í Starfsmenntunarsjóð BHM. Í kröfugerð FLÍ við ríkið er farið fram á að þetta verði lagað, en svör samninganefndarinnar eru enn sem áður á þann veg að það muni einungis greiða í annan af þessum tveimur sjóðum. Því stendur ný stjórn FLÍ frammi fyrir því að ákveða hvort Menningarsjóður FLÍ verði lagður niður og í staðinn verði félögum vísað á Starfsmenntasjóð BHM og Starfsþróunarsetur háskólamanna sem FLÍ á aðild að.

Talía – Ferðasjóðurinn Talía, sem ætlaður er sviðslistafólki, er enn starfandi sem samstarfsverkefni FÍL, FLÍ og Reykjavíkurborgar, en uppi hafa verið áform um að sameina sjóðinn ferðasjóði Sviðslistamiðstöðvar. Ekki hefur verið hreyfing á því máli á árinu, en líklegt að taka þurfi það upp á því starfsári sem framundan er.

Stundakennsla í háskólum - Stjórn hefur haft áform uppi um samstarf við félög háskólakennara undir hatti BHM varðandi starfsskilyrði og laun stundakennara við Listaháskóla Íslands. Áhugi hefur verið á slíku samstarfi, þar sem um er að ræða sameiginlegt hagsmunamál allra þeirra sem taka að sér stundakennslu fyrir opinberu háskólana á Íslandi. Málið er á byrjunarreit en líklegt að samtalið hefjist með haustinu.

50 ára afmæli

Félag leikstjóra á Íslandi var stofnað 1972 og varð því 50 ára á starfsárinu. Því miður yfirsást stjórn þessi merku tímamót og hélt ekki upp á afmælið, en til að snúa málum okkur í hag má segja að tilefnið sé ekki runnið okkur úr greipum þar sem aðalfundurinn 22. maí 2023 er fimmtugasti aðalfundur félagsins, að því gefnu að aldrei hafi fallið niður aðalfundur á þessum 50 árum. Þess mætti geta í fréttatilkynningu frá félaginu þegar ný stjórn tekur til starfa og fagna með greinaskrifum eða pistlum á samfélagsmiðlum. Í þessu sambandi má geta þess að BÍL – Bandalag íslenskra listamanna er að hefja undirbúning þess að fagna 100 ára afmæli sínu sem verður 2028. Í því augnamiði hefur verið ákveðið að rita 100 ára sögu BÍL og hefur verið leitað til fyrrum formanns FLÍ og formanns samninganefndar FLÍ um að taka verkefnið að sér. Það eru því líkur á að stjórn FLÍ verði beðin að safna saman gögnum um sögu FLÍ og þar kunna ýmsar gersemar að koma upp úr kafinu, sem gefið geta tilefni til að fagna einu og öðru í sögu félagsins bæði innan félags og á almennum vettvangi. Eins hefur stjórn viljað koma upplýsingum um sögu FLÍ á framfæri á heimasíðu félagsins, þar er t.d. ekki að finna lista yfir fyrrum formenn FLÍ eða heiðursfélaga, sem eðlilegt er að bætt verði úr.

FLÍ og BHM

Í ljósi þess að fráfarandi formaður FLÍ er að taka við embætti formanns BHM er ekki úr vegi að ljúka ársskýrslu þessari með því að birta stefnu BHM í málefnum lista og menningar. Eins er tilefni til að fagna

innngöngu Rithöfundasambands Íslands undir hatt BHM, sem verður formlega samþykkt á aðalfundi BHM sem framundan er. Þar með eru aðildarfélög BHM orðin 28 talsins.

BHM styður grunnildi menningar, lista og skapandi greina: sjálfstæða hugsun, sköpunargleði og frelsi til að njóta þess sem menning hefur upp á að bjóða. Menning er hornsteinn sjálfsmyndar þjóðar og auðveldar okkur skilning, samkennd og vísýni. Aðgengi allra að listum og menningu stuðlar að samfélagslegum jöfnuði, huga þarf sérstaklega að barnameningu og fjölmeningu.

Forgangsráði er að styrkja stöðu íslenskrar tungu eigi hún að lifa af í alþjóðlegu umhverfi. Því er brýnt að tryggja menntun á sviði frumsköpunar og þýðinga og hlúa að starfsumhverfi þeirra sem vinna að framsetningu menningarefnis.

Fjölbreyttar atvinnugreinar menningar gegna vaxandi hlutverki í atvinnulífi þjóðarinnar og skapa töluverð bein og afleidd verðmæti. Verðmætasköpun byggð á hugviti og nýsköpun á breiðum grunni er forsenda framfara og árangurs til framtíðar.

BHM tekur þátt í að móta stefnu stjórnvalda á sviði menningar, lista og skapandi greina í samstarfi við fagfélög atvinnugreina menningar. Vönduð greining á hagrænum þáttum er grunnforsenda þess að auka skilning á hagrænu mikilvægi greinanna.

Öflug og víðtæk stuðningskerfi fyrir listamenn skipta miklu. Einfalda þarf styrkja- og stuðningskerfin og efla starfslaunasjóð listamanna. Sterk höfundaréttarlöggjöf er grunnforsenda þess að listsköpun og framleiðsla á menningarefni dafni á Íslandi.

Tryggja þarf listamönnum og öðrum höfundum menningarefnis betri vernd í kjarasamningum og auka réttindi þeirra sem búa við flókið starfsumhverfi og óreglulega tekjuöflun. Skoða þarf kosti þess að innleiða atvinnuskapandi launatryggingakerfi fyrir listamenn að norrænni fyrirmynd. Gera þarf úttekt á kjarasamningsumhverfi listamanna á Íslandi í samanburði við aðrar starfsstéttir.